

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Bolungarvík.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

## 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.000

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	5.000
Flokkur 2	“	10.000
Flokkur 3	“	15.000
Flokkur 4	“	30.000
Flokkur 5	“	50.000
Flokkur 6	“	75.000
Flokkur 7	“	100.000
Flokkur 8	“	125.000
Flokkur 9	“	150.000
Flokkur 10	“	175.000

Bæjarráð skipar aðilum í flokka

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytið, 13. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

## GJALDSKRÁ

### Löggildingarstofunnar fyrir faggildingu og eftirlit.

## 1. gr.

*Umsóknargjald.*

Í umsóknargjaldi er innifalið upplýsingar fyrir umsókn, móttaka, skráning og yfirferð umsóknar og fylgiskjala og stutt álitserð um niðurstöður fyrstu yfirferðar.

Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingu skal greiða 75% af umsóknargjaldi fyrir sérhvert útibú.

			Kr.	m/vsk.
F.1.1	Prófunarstofa I	(1-5 aðferðir)	120.000	149.400
F.1.2	Prófunarstofa II	(6-10 aðferðir)	135.000	168.075
F.1.3	Prófunarstofa III	(11-15 aðferðir)	160.000	199.200
F.1.4	Prófunarstofa IV	(16-21 aðferðir)	190.000	236.550
F.1.5	Prófunarstofa V	(>21 aðferð)	235.000	292.575
F.1.6	Vottunarstofa I	(1-10 svið)	160.000	199.200
F.1.7	Vottunarstofa II	(11-20 svið)	215.000	267.675
F.1.8	Vottunarstofa III	(21-30 svið)	275.000	342.375
F.1.9	Vottunarstofa IV	(31-39 svið)	330.000	410.850
F.1.10	Skoðunarstofa I	(1-5 aðferðir)	120.000	149.400
F.1.11	Skoðunarstofa II	(6-10 aðferðir)	135.000	168.075
F.1.12	Skoðunarstofa III	(11-15 aðferðir)	160.000	199.200
F.1.13	Skoðunarstofa IV	(16-20 aðferðir)	190.000	236.550
F.1.14	Skoðunarstofa V	(>21 aðferð)	235.000	292.575

## 2. gr.

*Faggildingargjald.*

F.2 Í faggildingargjaldi er innifalið val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi, skýrslugerð, faggildingarskjal og stjórn faggildingarinnar.

Fyrir ofangreinda verkþætti við framkvæmd faggildingar skal greiða tímagjald í samræmi við fjölda tíma, sé ekki um annað samið.

Tímagjald er kr. 3.200 án vsk. eða kr. 3.984 með vsk.

Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.

Þegar yfirferð umsóknar er lokið getur Löggildingarstofan gert fast tilboð í framkvæmd faggildingar.

Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

## 3. gr.

*Eftirlitsgjald.*

Í eftirlitsgjaldi er innifalinn umsýsla með faggiltum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, skýrslugerð, stjórn eftirlitsins og stutt álitserð um niðurstöður. Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingingu skal greiða 75% af eftirlitsgjaldi fyrir sérhvert útibú.

			Kr.	m/vsk.
F.3.1	Prófunarstofa I	(1-5 aðferðir)	90.000	112.050
F.3.2	Prófunarstofa II	(6-10 aðferðir)	101.250	126.056
F.3.3	Prófunarstofa III	(11-15 aðferðir)	120.000	149.400
F.3.4	Prófunarstofa IV	(16-21 aðferðir)	142.500	177.413
F.3.5	Prófunarstofa V	(>21 aðferð)	176.250	219.431
F.3.6	Vottunarstofa I	(1-10 svið)	120.000	149.400
F.3.7	Vottunarstofa II	(11-20 svið)	161.250	200.756
F.3.8	Vottunarstofa III	(21-30 svið)	206.250	256.781
F.3.9	Vottunarstofa IV	(31-39 svið)	247.500	308.138
F.3.10	Skoðunarstofa I	(1-5 aðferðir)	90.000	112.050
F.3.11	Skoðunarstofa II	(6-10 aðferðir)	101.250	126.056
F.3.12	Skoðunarstofa III	(11-15 aðferðir)	120.000	149.400
F.3.13	Skoðunarstofa IV	(16-20 aðferðir)	142.500	177.413
F.3.14	Skoðunarstofa V	(>21 aðferð)	176.250	219.431

Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.  
Löggildingarstofan getur gert fast tilboð í framkvæmd eftirlits með faggildingu.  
Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

## 4. gr.

Gjöld vegna B-faggildingar endurskoðunarverkstæða:

	Kr.	m/vsk.
F.5 Umsóknar- og faggildingargjald	29.900	37.226
F.6 Eftirlitsgjald	18.800	23.406

## 5. gr.

F.4 Þegar um er að ræða mat eða úttektir þar sem ekki er um faggildingu að ræða skal samið sérstaklega um þóknun.

## 6. gr.

Verði breyting á álagningu virðisaukaskatts, geta upphæðir í dálknum merktum „m/vsk.“ (með virðisaukaskatti) breyst til samræmis við þá breytingu til hækkunar eða lækkunar án þes að sú breyting kalli á endurskoðun gjaldskrár þessarar og endurútgáfu.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992, um vog, mál og faggildingu. Gjaldskráin öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 19 frá 14. janúar 1993.

*Viðskiptaráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Þorkell Helgason.**

Ásgeir Einarsson.

## GJALDSKRÁ

**Löggildingarstofunnar fyrir löggildingar, prófanir og kvarðanir.**

## 1. gr.

*Löggildingar.*

1	Vogarlóð	Kr.	m/vsk.
1.10	1 g - 2 kg M2*	1.580	1.967
1.11	5, 10 og 20 kg M2	2.000	2.490
1.12	50 kg M2	2.630	3.274
1.20	1 mg - 2 kg M1*	2.000	2.490
1.21	5, 10 og 20 kg M1	2.630	3.274
1.22	50 kg M1	5.250	6.536
1.30	1 mg - 2 kg F1*	4.200	5.229
1.31	5, 10 og 20 kg F1	5.250	6.536
1.32	50 kg F1	10.500	13.073

\* Sjá viðauka 1 um nákvæmnisflokka